

Fimmtudaginn 16. október 1980.

Nr. 112/1980. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Bjarna Leifi Péturssyni

(Jón E. Ragnarsson hrl.).

Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson og Þorsteinn Thorarensen, settur hæstaréttardómari.

Að ósk ákærða er máli þessu skotið til Hæstaréttar, en einnig áfrýjað af hálfu ákærvalds til þvingingar.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð fram nokkur skjöl, þ. á m. nýtt sakavottorð ákærða. Ber það með sér, að ákærði hefur sætt þrem eftirtöldum refsidómum fyrir brot gegn almennum hegningarlögum nr. 19/1940 eftir uppkvaðningu hins áfrýjaða dóms, sem ákærði var viðstaddur: hinn 22. maí 6 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 218. gr., 19. júní 2 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 155. gr., 244. gr., 255. gr. og 248. gr. og 9. júlí 4 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 155. gr.

Málsatvik eru greind í héraðsdómi og brot ákærða réttilega heimfært til 155. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt 72. gr. og 78. gr. þeirra laga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi 6 mánuði. Að öðru leyti á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður að því er ákærða varðar.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 150.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 150.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Bjarni Leifur Pétursson, sæti fangelsi 6 mánuði.

Að öðru leyti á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður að því er ákærða varðar.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 150.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, 150.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 24. janúar 1980.

Ár 1980, fimmtudaginn 24. janúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnsyni yfirsakadómar, kveðinn upp dómur í málinu nr. 32—34/1980: Ákærvaldið gegn Bjarna Leifi Péturssyni, Hallbirni Einari Guðjónssyni og X, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 28. nóv. 1979 gegn:

- 1 Bjarna Leifi Péturssyni, Njálsgötu 20, Reykjavík, fæddum 15. júní 1958 í Reykjavík,
- 2 Hallbirni Einari Guðjónssyni, Kleppsvegi 68, Reykjavík, fæddum 19. nóvember 1958 í Reykjavík,
- 3 X, . . .

„fyrir skjalafals samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með því að ákærði Bjarni Leifur falsaði umboð frá Jóni Grétari Hafsteinssyni, Laugavegi 19 B, Reykjavík, til handa ákærða X til að leysa út orlofsfé svo og nafnið Steingrímur Bjarnason sem vinnuveitanda á ávísun á orlofsfé nr. 003051, útgefna á nefndan Jón Grétar, en ákærði X leysti féð, kr. 112.654, út á aðalpósthúsinu í Reykjavík 11. maí 1979, og nutu ákærðu allir þrír peninganna saman. Ákærði Hallbjörn Einar hafði hins vegar stolið ávísuninni nokkrum dögum fyrr að Laugavegi 19 B.

Þess er krafist, að ákærðu verði allir dæmdir til refsingar til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Hinn 11. maí 1979 var leyst út í aðalpósthúsinu í Reykjavík ávísun á orlofsfé til Jóns Grétars Hafsteinssonar, Laugavegi 19 B, Reykjavík, að fjárhæð 112.654 krónur. Móttökukvittun ritaði X, . . ., fyrir hönd Jóns Grétars. Hann afhenti enn fremur svohljóðandi umboð:

„11-5 1979 Hér með gef ég undir ritaður X Leifi til þess að leisa út orlofsfé mitt. Jón Grétar Hafstein Laugavegi 19 D“

Í ljós kom, að Jón Grétar hafði ekki ritað umboð þetta, og taldi Jón, að ávísunin hefði horfið úr íbúð sinni, en hann minntist þess, að hann hafði fengið hana senda í pósti.

Í máli þessu er það leitt í ljós um feril ávísunarinnar, að ákærði Hallbjörn Einar tók hana að ófrjálsu í húsinu Laugavegi 19 B, fékk hana síðar í hendur ákærða Bjarna Leifi í Hressingarskál-anum í Reykjavík, og þar fékk Bjarni ákærða X til þess að fara með ávísunina í pósthúsið og leysa hana út og fékk honum í hendur áðurgreint umboð, sem hann hafði sjálfur falsað.

Hallbjörn telur sig hafa tekið ávísunina í gangi hússins, en ekki inni í íbúð Jóns. Hann kveðst hafa stungið ávísuninni á sig og eftir það hafi hann farið út á sjó. Það hafi svo verið um það bil mánuði síðar sem hann hafi hitt Bjarna og X inni í Hressingarskála. Hann hafi tekið upp ávísunina og ætlað að fleygja henni, en Bjarni endilega viljað fá hana, og kveðst Hallbjörn þá hafa látið það eftir honum. Síðan hafi þeir Bjarni og X farið burt, en komið svo aftur og sagt frá því, að Bjarni hefði útbúið umboð handa X, sem svo hefði leyst ávísunina út. Hallbjörn heldur því fram, að hann hafi ekki vitað gerla, hvernig Bjarni ætlaði að nota ávísunina, en kveðst ekki hafa búist við, að Bjarni ætlaði að nota hana með heiðarlegu móti. Hallbjörn kveðst hafa tekið ásamt Bjarna og X þátt í drykkju, er kostuð hafi verið af fé því, er fékkst fyrir ávísunina.

Bjarni Leifur kveður það rétt, að Hallbjörn hafi verið að tala um að rífa ávísunina, og kveðst hann þá hafa fengið hann til þess að láta ávísunina af hendi. Hann kveðst ekki minnst þess, að Hallbjörn ætti þátt í notkun ávísunarinnar, né að hann væri viðstaddur, er umboðið var ritað. Bjarni segir, að Hallbjörn hafi drukkið með þeim X, eftir að fjár hafði verið aflað með sölu ávísunarinnar.

X segist hafa hitt Bjarna og Hallbjörn af hendingu í Hressingarskálalanum. Hann hafi áður þekkt Bjarna, en ekki Hallbjörn. Bjarni var með orlofsávísun, sem hann bað X að leysa út, ef hann væri með persónuskilríki, og var X til í þetta. X segir, að Hallbjörn hafi verið viðstaddur, er þessi fyrirætlun var rædd, en Bjarni haft orð fyrir þeim félögum. X segir, að þeir hafi svo farið þrír saman og náð í leigubíl og látið aka með sig um stund og þá hafi Bjarni skrifað umboðið í bílnum. Síðan hafi verið stansað í miðbænum og hann

(X) og Bjarni farið að pósthúsinu, en Hallbjörn beðið í bílnum. X kveðst hafa farið inn í pósthúsið og leyst út ávísunina, en Bjarni beðið utan dyra. Síðan hafi þeir farið að leigubílnum, þar sem Hallbjörn hafi verið fyrir. Hafi nú enn verið ekin einhver hringferð, en síðan kveðst X hafa skilið við þá Bjarna og Hallbjörn í námunda við Hótel Borg. X kveðst hafa afhent Bjarna alla peninga þá, sem fengust fyrir ávísunina. Hann kveðst hafa hitt þá Bjarna og Hallbjörn síðar um daginn og þá hafi hann slegist í hóp með þeim. Þeir hafi náð í áfengi og farið með það vestur í bæ og sest þar að drykkju.

Eins og áður segir, kveðst X hafa verið ókunnugur Hallbirni og hafa fyrst haldið, að hann væri Jón Grétar Hafsteinsson, er ávísunin var stíluð á, en hann hafi þó séð, að ekki var allt með felldu, er hann horfði á Bjarna rita umboðið.

Á bakhlið ávísunarinnar hefur nafnið Steingrímur Bjarnason verið ritað sem staðfesting vinnuveitanda. Bjarni segir, að vel megi vera, að hann hafi ritað þetta nafn, en hann muni ekkert um það fyrir víst.

Framburðir ákærðu eru að vísu ekki í fullu samræmi, en ljóst er þó, að Bjarni falsaði umboðið og fékk X til þess að framvísa því og leysa út ávísunina. Hafa þeir þannig báðir staðið að notkun á fölsuðu skjali í lögskiptum. Hallbjörn lét Bjarna hafa ávísunina, sem hann hafði komist yfir með ólöglegum hætti, og hlaut því að vera ljóst, að Bjarni ætlaði að nota hana, enda hefur hann kannast við það. Hann naut góðs af því, sem fyrir ávísunina fékkst. Verður hann samkvæmt því, sem nú hefur verið lýst, einnig talinn hafa verið ásamt Bjarna og Hallbirni aðalmaður að broti því, sem í ákæru greinir.

Ákærði Bjarni hefur áður sætt þessum refsidómum:

1975 8 mán. fangelsi fyrir rán.

1975 4 mán. fangelsi fyrir þjófnað og nytjastuld.

1976 Sakfelldur fyrir árás og hylmingu, en refsing ekki dæmd.

1976 3 mán. fangelsi fyrir þjófnað og nytjastuld.

1977 Sakfelldur fyrir skjalafals, þjófnað, hylmingu og nytjastuld, en refsing ekki dæmd.

1977 4 mán. fangelsi fyrir skjalafals og þjófnað.

1978 4 mán. fangelsi fyrir þjófnað og ólögmaeta meðferð fundins fjár.

1979 (19. febr.) 3 mán. fangelsi fyrir skjalafals og þjófnað.

1979 (23. ágúst) 2 mán. fangelsi fyrir skjalafals og þjófnað.

Ákærði Hallbjörn Einar hefur áður sætt þessum refsidómum:

- 1973 3 mán. skilorðsbundið fangelsi fyrir nytjastuld og umferðarlagabrot.
- 1974 5 mán. skilorðsbundið fangelsi fyrir þjófnað.
- 1976 6 mán. skilorðsbundið fangelsi fyrir þjófnað.
- 1977 8 mán. fangelsi fyrir skjalafals.
- 1977 2 mán. fangelsi fyrir þjófnað, nytjastuld og umferðarlagabrot.
- 1977 4 mán. fangelsi fyrir þjófnað og nytjastuld.
- 1977 Sakfelldur fyrir þjófnað, en refsing ekki dæmd.
- 1977 8 mán. fangelsi (hegningarauki) fyrir skjalafals, þjófnað, svik og nytjastuld.
- 1978 4 mán. fangelsi fyrir þjófnað.
- 1978 3 mán. fangelsi fyrir skjalafals, þjófnað, svik, nytjastuld og umferðarlagabrot.
- 1979 (19. febr.) 2 mán. fangelsi fyrir skjalafals og þjófnað.
- 1979 (5. mars) Sakfelldur fyrir þjófnaðarbrot, en refsing ekki dæmd.

Ákærði X hefur ekki sætt kærur né refsingum, nema hvað hann hefur einu sinni sæst á sektargreiðslu og ökuleyfmissi fyrir ölvun við akstur.

Við refsíákvörðun verður litið til þess, að Bjarni og Hallbjörn eiga verulegan brotaferil að baki, en X ekki. Við ákvörðun refsingar Bjarna verður hliðsjón höfð af 78. gr. hegningarlaga, þar sem hann hefur sætt refsidómi, eftir að hann framdi brot sitt.

Refsing ákærðu Bjarna Leifs og Hallbjörns Einars hvors um sig verður ákveðin 4 mánaða fangelsi. Refsing X verður ákveðin 60 daga fangelsi, og skuli fullnustu frestað og refsing falla niður eftir 2 ár frá uppkvaðningu dóms þessa, ef X heldur almennt skilorð 57. gr. alm. hegningarlaga.

Póstgíróstofan hefur krafist þess, að ákærðu verði dæmdir til þess að greiða 112.654 kr. ásamt ársvöxtum, 22% frá 19. júní til 1. sept. 1979, 27% frá 1. sept. til 1. des. 1979 og 31% frá þeim tíma til greiðsludags. Ákærðu hafa viðurkennt kröfuna, og verða þeir dæmdir til greiðslu fébótanna in solidum.

Þá verður ákærði Hallbjörn Einar dæmdur til þess að greiða verjanda sínum, Kristjáni Stefánssyni héraðsdómslögmanni, 50.000 krónur í málsvarnarlaun og ákærðu allir in solidum til greiðslu málskostnaðar að öðru leyti.

Dómsorð:

Ákærði Bjarni Leifur Pétursson og Hallbjörn Einar Guðjónsson sæti hvor um sig fangelsi 4 mánuði.

Ákærði X sæti fangelsi 60 daga. Fresta skal fullnustu refsingar, og falli hún niður eftir 2 ár frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. alm. hegningarlaga.

Ákærðu greiði Póstgíróstofunni in solidum 112.654 kr. ásamt 22% ársvöxtum frá 19. júní til 1. sept. 1979, 27% ársvöxtum frá 1. sept. til 1. des. 1979 og 31% ársvöxtum frá þeim tíma til greiðsludags.

Ákærði Hallbjörn Einar greiði málsvarnarlaun Kristjáns Stefánssonar héraðsdómslögmanns, verjanda síns, 50.000 kr., en ákærðu allir annan kostnað sakarinnar in solidum.

Fimmtudaginn 16. október 1980.

Nr. 187/1980. **Ákæruvaldið**
 gegn
Þorvaldi Ara Arasyni.

Kærumál. Lögmannsréttindi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Björn Sveinbjörns-son, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Sigurgeir Jónsson og Þorsteinn Thorarensen, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í 2. mgr. 68. gr. a laga nr. 19/1940, sbr. 7. gr. laga nr. 31/1961, skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 8. október 1980, sem barst Hæstarétti 9. s. m. Krefst hann þess, að réttinda-svifting varnaraðilja til málflutnings fyrir héraðsdómi og Hæstarétti standi óbreytt. Af hálfu sóknaraðilja er unað við þá niðurstöðu hins kærða úrskurðar að fella úr gildi sviftingu verslunarleyfa varnaraðilja til smásölu og heilðsölu.